

Ed.

842. Nefndarálit

um frumvarp til laga um húsagerð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og getur fallist á aðalstefnu þess, að rjett sje að gera nú þegar gangskör að því að koma upp nokkrum opinberum byggingum, er landið þarfnast svo mjög. Hitt, hversu langt skuli gengið í þessu efni og hvar þörfin er brýnust, kynni fremur að geta valdið ágreiningi, því nálega á öllum sviðum er húsaskorturinn mjög tilfinnanlegur. Fimm ára kyrstaða, að því er snertir byggingaframkvæmdir, hefir valdið því, að stækkun og aðrar nauðsynlegar umbætur á sjúkrahúsum landsins hafa ekki orðið framkvæmdar, og mun nú flestum ljóst, að við svo húið megi eigi lengur standa. Sama má segja um skólana, að þeir, sem til eru, þarfnast mjög umbóta, að því er húsrúm snertir, og aðrir, sem löggjafarvaldið hefir ákveðið að stofna, geta ekki tekið til starfa vegna húsaskorts. Enn fremur má geta þess, að ýmsar stofnanir og skrifstofur, sem að rjettu lagi ættu að standa undir daglegu eftirliti stjórnarráðsins, mega heita húsnæðislausar; þeim er kjálkað niður viðs vegar út um bæinn. Þær hafa, að minsta kosti sumar, ilt og ónóg húsrúm, og munu flestar eiga við afardýr og ótrygg leigukjör að húa og geta átt á hættu, að þeim verði bygt út, eða þær bornar út með litlum fyrirvara. Þetta ástand getur varla talist sæmilegt þeim stofnunum, sem ríkinu ber að annast, og verður því eigi til lengdar komist hjá að ráða bót á þessu. En þótt nefndin viðurkenni byggingarþörfina, getur hún ekki í alla staði fallist á frumvarpið eins og það liggur fyrir, og skal hjer stuttlega gerð grein fyrir, hverjar breytingar hún telur heppilegar.

1. Eiðaskólinn mun eiga hús, sem ráðgert er að notað verði bæði til skólahalds og íbúðar næsta vetur. Það hús ætti að mega nota til íbúðar framvegis, og getur því varla komið til mála, að þar verði nú bygt annað en skólahús.

Telur nefndin því rjett að breyta orðalaginu á 4. tölulið þannig, að ekki sje um að villast hvað þar sje átt við.

2. Íbúðarhús á Hvanneyri telur nefndin óþarft að taka upp í þetta frumvarp, vegna þess, að því máli er áður til lykta ráðið og fje til þeirrar byggingar þegar veitt í þessa árs fjárákalögum, enda mun undirbúningur þess þegar hafinn og verkið að líkindum eitthvað á veg komið.

3. Húsmæðraskóla á Norðurlandi leyfir nefndin sjer að taka upp í frumvarpið, og mun það varla geta valdið ágreiningi, þar eð hann er áður í lög tekin, og rjettur kvenna til slíkrar mentastofnunar óumþráttanlegur og alment viðurkendur.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. grein. Í stað töluliðanna 1.—4. komi:

1. Landsspítala.
2. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
3. Skólahús á Eiðum.
4. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

Alþingi, 15. sept. 1919.

Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson, M. J. Kristjánsson,
form. fundaskrifari. ritari.

Hjörtur Snorrason. Karl Einarsson.